

# Gjöfin reyndist þungur baggi

**Ný landssöfnun Geðhjálpur: Húsgjöfin frá ríkinu félaginu kostnaðarsöm. Endurbætur áttu að kosta 20-30 milljónir en eru 50 milljónir.**

Endurbóta- og viðhaldskostnaður Geðhjálpur vegna fasteignarinnar Túngötu 7, sem ríkið færði félaginu að gjöf árið 1998, er kominn upp í 50 milljónir króna og hefur félagið séð sig knúð til að fara út í landssöfnun til að ná endum saman.

Húsið var mjög illa farið þegar ríkisstjórnin gaf Geðhjálp það, en þá hafði húsið stadið autt og viðhaldslaust um árabil. Engu að síður var húsið talið góð gjöf og var áætlað að það myndi kosta á bilinu 20 til 30 milljónir króna að standsetja húsið svo fullnægjandi gæti talist. Með gjöfinni fylgdi sá heimanundur úr ríkissjóði, að úr framkvæmdasjóði fatlaðra rynnu 20 milljónir króna til endurbótanna og með sérstakri landssöfnun í umsjá Kiwanis-hreyfingarinnar söfnuðust 15 milljónir króna frá gjafmildum landsmönnum.

## **20-30 milljónir umfram**

Þetta hefur hins vegar ekki reynt nóg, því áætlanir um endurbótakostnaðinn stóðust ekki. Munaði þar mestu um kostnað vegna pípulagna og þá ekki síst vegna drenagna. Áætlaður 20 til 30 milljóna króna kostnaður



Ráðherrarnir Ingibjörg Pálmadóttir og Páll Pétursson hjálpuðu til við að standsetja húsið sem þau færðu Geðhjálp að gjöf. Endurbætur hafa reynt mjög kostnaðarsamar.

endaði því í 50 milljónum króna og ekki að vænta frekara framlags frá gefandanum, ríkissjóði.

Aðspurður segir formaður Geðhjálpur, Pétur Hauksson gedlæknir, að frá upphafi hafi verið ákveðið að standa myndarlega að endurbótunum og koma upp þeirri aðstöðu sem sýndi skjólstaðingum félagsins virðingu. „Ég tel að peningarnir nýtist vel. Ég hygg að nú megi meta húsið á 70 milljónir króna og skuldir eru ekki mikill hluti af þeim verðmætum. Í raun vantar ekki mikið til að klára dæmið og erum við að vona að við getum

safnað 5 til 10 milljónum króna í landssöfnuninni í því skyni,“ segir Pétur.

## **„Ekki bjarnargreiði“**

Geðhjálp fékk húsið afhent með pompi og prakt 5. október 1998, en á alþjóðlega gedheilbrigðisdeginum árið áður hafði Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra lofað að beita sér fyrir lausn á húsnæðisvanda Geðhjálpur. Húsið, 500 fermetrar á tveimur hæðum með risi og kjallara, var áður í eigu Önnu G. Johnsen, ekkju Gísla Johnsen konsúls, en árið 1969 gaf hún

það ríkinu, sem vanrækti viðhald þess upp frá því.

Telur Pétur Hauksson að í ljósi reynslunnar hafi húsið reynt bjarnargreiði og að ef til vill hefði verið eins gott að kaupa nýtt hús? „Nei, ég lít ekki svo á að um bjarnargreiða hafi verið að ræða. Og hvað landssöfnunina varðar þá er hún einnig til að safna pening til ýmissa gedheilsuverkefna og fræðsluátaks, sem við leggjum mikinn metnað í og teljum geta skilað sér vel, líkt og átak landlæknisembættisins gegn þunglyndi,“ segir Pétur.

- FÞG